

Ágætu nemendur og foreldrar,

Nú er komið að því að nemendur í 7.-9. bekk velji sér valgreinar fyrir næsta skólaár. Í viðhengi með þessum pósti er valbæklingur þar sem hægt er að finna lýsingar á því námsvali sem í boði er og hvetjum við fólk til að kynna sér inntak bæklingisins mjög vel. Nemendur velja rafrænt eins og í fyrra. Mikilvægt er að fylla út námsval bæði fyrir haustönn og fyrir vorönn.

Haustönn:

[https://docs.google.com/forms/d/e/1FAIpQLSfQLfL5nEgzYtBwUujrV-v9AiXldtVxqlQhLJ5xjmsNJtx\\_g/viewform](https://docs.google.com/forms/d/e/1FAIpQLSfQLfL5nEgzYtBwUujrV-v9AiXldtVxqlQhLJ5xjmsNJtx_g/viewform)

Vorönn:

<https://docs.google.com/forms/d/e/1FAIpQLSc4sVHKM6DFxwDjAiq17IXZod1QITeawY2jEAwdbobFEqOy8w/viewform>

Með þessum pósti látum við einnig fylgja eyðublað fyrir þá sem velja sér nám utan skóla og eru foreldrar beðnir um að fylla það út og senda nemendur með blaðið í skólann fyrir 22. mars.

Námsvalið hefur verið kynnt fyrir 7. og 8. bekk og verður kynnt fyrir 9. bekk á mánudaginn. Nemendur þurfa að hafa lokið við að velja í síðasta lagi föstudaginn 22. mars.

Kynningarglæsur fyrir foreldra fylgja með í þessum pósti auk þess sem öll gögn er lúta að námsvali verða sett inn á heimasíðu skólans.

Við hvetjum alla til að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna eða ef vandræði skapast við útfyllingu námsvalsins.

Kveðja,

Skólastjórnendur